

Aðgerðaráætlun gegn skógarkerfil og alaskalúpínu í Bolungarvík 2018-2022

Unnið fyrir Bolungarvíkurkaupstað

Hulda Birna Albertsdóttir

Júlí 2018
Nv.nr 18-18

Inngangur

Náttúrustofa Vestfjarða kortlagði útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils í sveitarfélaginu árið 2014 og var það ár gefin út skýrsla þess efnis ásamt kortum. Þessar tvær tegundir eru flokkaðar sem ágengar tegundir og eru mjög áberandi í Bolungarvík. Þess vegna hefur kaupstaðurinn farið á leit við Náttúrustofu Vestfjarða að gera aðgerðaráætlun um útrýmingu þeirra í sveitarfélaginu.

Um tegundirnar

Alaskalúpína (*Lupinus nootkatensis*)



Alaskalúpínan er án efa ein umdeildasta planta landsins enda hafa flestir skoðun á gagnsemi eða skaðsemi hennar. Henni fjölgar auðveldlega og dreifist vel því ódýr landgræðslukostur. Hins vegar er lúpínan það ágeng að nær ómögulegt er að hafa stjórn á henni. Hún getur eytt líffræðilegri fjölbreytni með því að fara yfir tegundarrík mólendi og þannig breytt landinu, til dæmis berjalandinu okkar, líkt og er að gerast við skíðalyftuna svo dæmi sé tekið. Í einhverjum tilvikum hopar hún aftur, en þá hefur hún nú þegar breytt efnasamsetningu jarðvegsins og þess vegna flokkast hún með verstu ágengu plöntunum, þar sem ómögulegt getur verið að endurheimta fyrri tegundasamsetningu (Menja von Schmalensee og Róbert Arnar Stefánsson 2009). Við getum séð það hér okkur nærri að lúpínan hefur skapað góð vaxtarskilyrði fyrir skógarkerfilinn svo dæmi sé nefnt.

Alaskalúpínu var dreift víðsvegar um sveitarfélagið fyrir þó nokkrum árum en henni hefur fjölgað mikið síðan þá.

Blóm lúpínunnar eru mörg saman í 20-30 sm löngum klasa, blómleggirnir eru loðnir, um 1 cm á lengd. Krónan er 5-deild, óregluleg, að mestu blá eða fjólublá, efsta krónublaðið, fáninn, með aftursveigðum hliðum, rauður að framan með smáum, svörtum dílum, vængirnir hylja tvö neðstu krónublöðin, sem eru samvaxin í kjöl með háu, dökkfjólubláu stefni. Bikarinn er loðinn. Fræflar eru 10, allir samvaxnir í hólk neðan til, uppsveigðir í endann með fagurgulum frjóhirsllum. Frævan er með einum stíl, verður að 2-5 sm löngum, loðnum belg við þroskun. Blöðin eru langstíkuð, fingruð, með 7-8 öfluglensulaga smáblöðum; bæði stilkur og smáblöð eru hærð (Hörður Kristinsson á.á).

Skógarkerfill (*Anthriscus sylvestris*)

Skógarkerfill barst hingað til lands sem slæðingur en hann er farinn að dreifa sér ört hér á landi á eigin spýtur. Hann myndar samfelldar breiður sem erfitt er að hemja.

Blóm skógarkerfilsins eru oftast 8-16 saman í smásveipum sem aftur skipa sér saman í stórsveipi. Krónan er hvít með gulgrænleitum blæ, 2-7 mm í þvermál. Krónublöðin eru öfughjartalaga eða öfugeggjala, misstór. Bikarblöð vantar. Fræflar eru oftast fimm. Ein tvíkleyf fræva með stuttum stílum. Aldinið er móleitt eða dökk brúnt, gljáandi, 5-8 mm á lengd, nær sívalt eða kantað. Smáreifablöð grænleit eða fjólubláleit, randhærð. Blöðin tví- til þríhálfjöðruð, nær hárlaus nema á jöðrum og neðra borði, langstíkuð. Stilkur og stöngull gáraðir, lítt eða ekki loðnir (Hörður Kristinsson á.á).

Kerfillinn hefur fjölgað sér mikið á undanförunum árum í Bolungarvík og er hann orðinn mjög áberandi í kring um

hólinn, í skógræktinni og á grundunum.

Aðferðir við heftingu alaskalúpínu og skógarkerfils

Lúpína. Lúpínuna á að slá eftir að hún hefur náð góðum vexti (og forðanæring í rótum því minni) en áður en hún myndar fræ, þ.e. á tímabilinu 20. Júní til miðs júlí svo að meiri líkur séu að að plantan drepist við slátt. Forgangsraða þarf að slá hana á þeim svæðum sem hún er í þessum tímaramma.

Skógarkerfill. Til þess að hemja útbreiðslu tegundarinnar þarf að slá kerfillinn helst a.m.k 3 á hverju sumri en stinga upp plöntur sem eru á stangli, en það gefur mestan árangur. Sýnt hefur verið fram á að ef skógarkerfillinn er einungis sleginn snemma á vorin einu sinni verður aukning í þéttleika plantnanna vegna þess að nýjar plöntur vaxa upp með hliðarskotum frá rótum auk þess sem fleiri fræplöntur komast á legg (Hanson, M.L 1994). Miðað við veðráttu hér í Bolungarvík er líklegast best að byrja að slá hann eftir um það bil 20. Júní fram í miðjan júlí.

Þar sem langt er liðið á sumar er best að byrja sem fyrst í slætti og reyna að ná a.m.k 1 slætti á svæðunum eftir áætluninni hér á eftir en áætlunin er gerð út frá slætti með orf en þar sem svæðin eru tiltölulega slétt er hægt að fá ruddasláttuvél og slá þau svæði sem hægt er að slá með henni.

Við báðar tegundirnar gildir að þegar útrýmingu er lokið eru fyrirbyggjandi aðgerðir mikilvægar og þarf að útrýma einstaka plöntum ef þær skjóta upp kollinum. Mikilvægt er einnig að virkja almenning í að slíta upp plönturnar í sínu umhverfi.

Aðgerðaráætlun sumar 2018

Aðgerðaráætlunin skiptir bæjarlandinu niður í svæði en þau skiptast aðallega niður eftir staðsetningu og þekju kerfils og lúpínu á þeim en einnig eftir mikilvægi þess að útrýma tegundunum vegna hættu fyrir villtan íslenskan gróður. Áætlunin lítur fyrst og fremst til þess að fækka svæðum sem þessar tegundir vaxa í bænum og svo minnka þekju svæða sem hafa meiri þekju (kort 1).



Kort 1. Yfirlit yfir staðsetningu, heiti og útlínur svæða.

Byrjað skal á þeim punktum á kortinu sem merkt eru með kerfil og lúpínu á svæðinu. Svæðin eru merkt með appelsínugulum (kerfill) og grænum lit (lúpína). Misjafnt er hversu mikil þekja er á punktinum en það skal metið af starfsmönnum og forgangsraðað þannig að þar sem minnsta þekjan er, er þeim svæðum eytt fyrst og svo koll af kolli. Þegar þetta svæði er alveg hreinsað á að fara á svæði G og I.




Kort 2. Svæði A. Gul svæði er kerfill en græn lúpína.

Svæði G og I. Tungudalur (kort 3), Vaki og Morðingjamýri (kort 4). Lagt verður áherslu á að útrýma öllum plöntum af **skógarkerfil** á svæðinu með slætti þar sem lagt er ríka áherslu á að öll blóm sem sjást á svæðinu verða rifin eða slegin af plöntum. Þar sem ein og ein planta er á að stinga þær plöntur upp með rótum. Á þessu svæði verður lúpína skilin eftir árið 2018. Þegar þessu er lokið á að fara á svæði D.



Kort 3. Svæði G. Tungudalur. Appelsínugul svæði lúpína blönduð kerfil. Gul svæði kerfill.




Kort 4. Svæði I, Vaki og Morðingjamýri. Græn svæði lúpína, gul svæði kerfill.

Svæði D. Sandurinn (kort 5). Útrýma öllum plöntum af **skógarkerfil** og **lúpínu** á svæðinu með slætti eða stinga upp einstaka plöntur þar sem lagt er ríka áherslu á að öll blóm sem sjást á svæðinu verða rifin eða slegin af plöntum. Þar sem ein og ein planta er á að stinga þær plöntur upp með rótum. Athuga þarf að svæðunum gæti hafa fjölgað þar sem þessi skráning átti sér stað árið 2014.



Kort 5. Svæði D, sandurinn. Gul svæði kerfill, græn, lúpína.

Svæði C. Sandurinn næst bænum (kort 6). Lagt verður áherslu á að útrýma öllum plöntum af **skógarkerfil** og **lúpínu** á svæðinu með slætti þar sem lagt er ríka áherslu á að öll blóm sem sjást á svæðinu verða rifin eða slegin af plöntum. Þar sem ein og ein planta er á að stinga þær plöntur upp með rótum. Hér er hægt að reyna við hrossabeit á túninu við síldarbræðsluna eða jafnvel slá það svæði með ruddasláttuvél en þannig sláttur kemur einnig til greina á fleiri svæðum.



Kort 6. Svæði C. Sandurinn næst bænum. Gul svæði kerfill, græn, lúpína.

Svæði B. Grundirnar og höfnin (kort 7). Hér vex mikill kerfill og er svæðið nánast undirlagt af honum. Hér þarf að vera í samráði við lóðareigendur, sérstaklega við Grundarstíg 3,7, og 6 og slá kerfilinn í þeim lóðum þar sem hann er ríkjandi. Þessi skráning var að hluta til gerð árið 2014 en einstaka svæði yfirfarin. Lúpína vex einnig við höfnina og mismikil þekja er innan svæðanna.




Kort 7. Svæði B. Grundirnar og höfnin. Gul svæði kerfill.

Svæði E. Hóllinn (kort 8). Lagt verður áherslu á að útrýma öllum plöntum af lúpínu á svæðinu með slætti og beit þar sem það er hægt og lagt ríka áherslu á að öll blóm sem sjást á svæðinu verða rifin eða slegin af plöntum. Þar sem ein og ein planta er á að stinga þær plöntur upp með rótum. Hér er hægt að viðhalda hrossabeit þar sem hún hefur verið og bæta við hana ef til vill á svæðum sem bjóða upp á hana, eins og við hlið kirkjunnar. Byrjað skal við kirkjugarðinn og við göngubré og vinna sig þannig að minnstu svæðin eru tekin fyrst og svo þau stærri. Best væri að slá svæðin sem hægt er að slá með ruddasláttuvél áður en tímabilið lýkur sem hægt er að slá.




Kort 8. Svæði E. Hóllinn. Gul svæði kerfill, græn, lúpína.

Svæði F. Skógræktin, gryfjan og malarvöllurinn (kort 9). Hluti svæðisins er á reit skógræktarfélags Bolungarvíkur en þar var lúpínu sáð á árum áður. Á svæðinu er lúpína og kerfill ríkjandi en leggja þarf áherslu á að útrýma kerflinum á svæðinu. Til þess að minnka svæði kerfilsins er best að byrja á jaðri hans við Traðarengjarnar, við malarvöllinn og við göngubrúnna og vinna sig að miðju. Lúpínan er látið vera á þessu svæði þetta árið. Dreifingu plantna af bæði lúpínu og kerfil skal samt sem áður haldið í skefjum á jörðum þess og gætt þess að svæðið stækki ekki á tímabilinu en þegar útrýmingu á öllum svæðum hér að framan er lokið má halda áfram inn af jöðrum og inn á svæðið, byrja frá malarvellinum, við áнна og við Þjóðólfsvegin. Leggja áherslu á kerfil.



Kort 9. Svæði F. Skógræktin, gryfjan og malarvöllurinn.

Svæði H. Vaki og Traðarhyrnan (kort 10). Lúpínan er látin vera á þessu svæði á tímabilinu, en haldið í skefjum við jaðra þess ef þess þarf. Kerfill sem finnst á svæðinu skal vera fjarlægður á ári hverju.



Kort 10. Svæði H. Vaki og Traðarhyrnan. Græn svæði lúpína, gul, kerfill.

Áætlun 2019-2020.

Framangreint skipulag skal endurtekið árið 2019 og 2020 en eftir það skal endurskoða áætlunina. Árið 2019 skal auk þess fara í útrýmingu á lúpínu í morðingjamýrinni (á svæði I) og á svæði G. Hægt er að slá með ruddasláttuvél að hluta til á svæðunum. Ef tími gefst í þetta árið 2018 skal það gert.

Ef ekki næst ásættanlegur árangur með þessu móti á útrýmingu kerfilsins mætti reyna bæta við eitrun með Roundup, Clinic eða Undra snemma vors (á ekki við 2018). Ekki er er mælt með því að eitrun verði beitt nema brýna nauðsyn beri til, t.d ef í ljós kemur að aðrar leiðir dugi ekki og verði það gert verði það í samráði við Náttúrustofu Vestfjarða.

Heimildir

Hanson M.L 1994. Response of *Anthriscus sylvestris* (L) Hoffm to defoliation and different nitrogen supply levels. Swedish Journal of Agricultural Research. 24(1): 21-29.

Hörður Kristinnson á.á. Flóra Íslands. Sótt á vef þann 2.7.2018 af slóð:
<http://www.floraislands.is/blom.html>

Menja von Schmalensee og Róbert Arnar Stefánsson 2009. *Ágengar plöntur í Stykkishólmi. Útbreiðsla Alaskalúpínu, skógarkerfils, spánarkerfils og bjarnaklóar og tillögur um mótvægisáðgerðir*. Sótt á vef þann 10.6.2018 af:

<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6706/Agengar%20plontur%20i%20Stykkisholmi%2c%20Uppsett%20skyrsla%2c%20lokaeintak%2c%20netupplausn.pdf?sequence=1>